

greiðist fullt gjald af einum hundi en hálf gjald af öðrum. Dráttarvextir falla á ógreidd gjöld eftir 1. júní. Hafi gjöldin ekki verið greidd 1. september falla hlutaðeigandi leyfi úr gildi. Ef eigendaskipti verða á hundi ber hinum nýja eiganda að sækja þegar um undanþágu til H.E.S.

3. gr.

G. liður 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.

4. gr.

Framangreind breyting á samþykktinni, sem hefur verið samþykkt í hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, bæjarstjórn Grindavíkur, hreppsnefnd Gerðahrepps, bæjarráði Keflavíkur - Njarðvíkur og Hafna (nú Reykjanesbær) og bæjarráði Sandgerðis, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið 18. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988,
sbr. samþykktir nr. 448/1990 og 183/1995.**

1. gr.

Nýr 5. tölul. 58. gr. A samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum HAB. Í stjórninni eru 5 fulltrúar og 5 til vara.

2. gr.

Við 13. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar bætist eftirfarandi: Við íþróttamiðstöðina á Jaðarsbökkum starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi rekstrarnefnd sem í eru bæjarstjóri, formaður íþrótt- og æskulýðsnefndar, formaður Íþróttabandalags Akraness og formaður Knattspyrnufélags ÍA.

3. gr.

23. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn Akranesveitu. Fimm aðalmenn og fimm til var samkvæmt reglugerð um Akranesveitu.

4. gr.

24. og 25. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar falli brott.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett skv. 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Happraætti Háskóla Íslands,
nr. 348 8. október 1976 með síðari breytingum.**

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Vinningar í happraættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum. Vinningar í hverjum flokki skiptast í tvo hluta, almennan hluta og sjóðshluta.

Stjórn happraættisins ákveður, að fengnu samþykki happraættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hinum almenna hluta vinninga hvers flokks. Til almennra vinninga skal verja 6/7 hlutum af heildarfjárhæð vinninga ársins. Vinningaskrá vegna almenna hlutans skal samin fyrirfram fyrir hvert ár. Til vinninga í sjóðshluta skal verja 70% af 1/7 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Falli sjóðsvinningur í flokki á óseldan miða skal hann leggjast við heildarfjárhæð sjóðsvinninga í næsta flokki. Í 12. flokki skal útraætti sjóðsvinninga haldið áfram þar til miði í hverri útgefinni miðaröð happraættisins hefur hlotið vinning.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. desember 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996, sem er innheimt með fasteignagjöldum.